

DAGBÓKARFRAMVINDA

Hjá mörgum börnum kemur ákveðin stöðnun í dagbókarferlinu, þau gera það sama alla daga og eru því ekkert að læra neitt nýtt. Þá þarf kennarinn að grípa inn í.

Ég tek minn dag og lýsi honum í miklum smáatriðum. Þetta hentar vel þegar börnin eru búin að vinna lengi með nafnhátt og í leiðinni kem ég með nútíðina. Þau skrifa þetta niður eftir mér og setja inn í plast því þurfa að finna nútíðina þegar þau svo sjálf skrifa dagbók.

Svona getur þetta litið út sem fyrirmynd fyrir framhald dagbókarvinnu barnanna:

- | | | |
|---------------------|---|--|
| Vakna | - | ég vakna |
| Fara í sturtu | - | ég fer í sturtu |
| Bursta tennur | - | ég bursta tennur |
| Klæða mig | - | ég klæði mig í föt: buxur, peysu, og sokka |
| Greiða hár | - | ég greiði hárið |
| Bursta hár | - | ég bursta hárið |
| Setja spennu í hár | - | ég set spennu í hárið |
| Setja teygju í hár | - | ég set teygju í hárið |
| Taka úr uppvottavél | - | ég tek úr uppvottavél |
| Hita vatn | - | ég hita vatn |
| Búa til te | - | ég bý til te |
| Skera brauð | - | ég sker brauð |
| Rista brauð | - | ég risti brauð |

- Smyrja brauð - ég smyr brauð með smjöri og sultu
- Borða - ég borða brauð
- Drekka - ég drekk te
- Fara í úlpu og skó - ég fer í úlpu og skó
- Fara út - ég fer út
- Fara í bíl - ég fer í bílinn með stelpunni minni
- (Labba í skóla - ég labba í skóla
- Labba út á stoppustöð - ég labba út á stoppustöð
- Bíða eftir strætó - ég bíð eftir strætó
- Koma - strætó kemur
- Fara inn - ég fer inn í strætó
- Fara út - ég fer út á Hlemmi
- Taka annan strætó - ég tek annan strætó, strætó nr. 3
- Fara út - ég fer út strætó við Háteigsskóla)
- Labba inn - ég labba inn í skólann
- Fara úr - ég fer úr skóm og úlpu
- Bíða - ég bíð eftir Sigríði kennara
- Koma - Sigríður kemur
- Fara inn - ég fer inn í stofu
við förum inn í stofu
- skrifa - ég skrifa íslensku

- lesa - ég les íslensku
- hlusta - ég hlusta á kennara
- tala - ég tala við kennara
- læra - ég læri íslensku
- fara - ég fer út í frímínútur
- fara - ég fer út að leika
- koma - ég leik við krakka
- róla - við rólum
- fara í fótbolta - við förum í fótbolta

...

- Koma - við komum aftur inn
- Fara - ég fer í íþróttir
- Læra - ég læri stærðfræði
- Borða - ég borða nesti:
Svala, safa, brauð, samloku, skyr, epli, banana
appelsínu, vínber, ab-mjólk, gulrót, kiwi,
jarðarber...
- borða - ég borða hádegismat
við borðum hádegismat

..... o.s.frv.

Sigríður Ólafsdóttir, 2004